



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fyrsti fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn á Landsþjónusturáðstefnu í Víðistaðaskóla 17. maí 2008

Mættir eru ; K.E., H.S., S.F., I.I., E.Þ., H.B., L.V. S.B., og J.B. Tveir nýjir menn koma í Landsþjónustunefnd, J.H. og B.S., en E.S. hafði boðað forföll. Starfsmaður skrifstofu ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Fundagerð síðasta fundar lesin yfir og samþykkt.

2. Nýjir landsþjónustumenn boðnir velkomnir til starfa. Tveir koma inn í Landsþjónustunefnd á nýju starfsári.

3. Kosið í stöður: K.E. kosinn einróma sem oddamaður Landsþjónustunefndar og kemur þannig einnig í skrifstofunefnd. Skrifað verður til útgáfunefndar svo tilnefna megi mann þaðan í skrifstofunefnd. Ekki var fjallað um aðrar stöður í nefndum að þessu sinni. Boðað til fundar með skrifstofunefnd síðasta mánudag í maí, kl 17:00, að Tjarnargötu.

4. Önnur mál: Umæður urðu milli manna um Landsþjónusturáðstefnuna m.a. um hvort of hratt eða hægt sé farið yfir, með því að halda hana á einum degi en ekki tveim eða fleiri dögum og einnig var þjónustuhandbók sem samþykkt var á ráðstefnunni fyrr um daginn rædd. Að hópastarfið sé hinn eiginlegi vettvangur sem LÞR snúist um. Kom fram að æskilegt sé að hópaspurningar með undirspurningum séu tilbúnar tímanlega og sendar með þátttökublaði til deilda, svo samviskufundir megi fjalla um spurningarnar og fulltrúi deildarinnar þannig endurspeglar vilja deildar sinnar þegar hann vinnur í hópastarfi. Einnig til að deildir megi velja sem óskahóp þann hóp sem áhugaverðastur þykir.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Annar fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009 Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, Reykjavík 28. sept 2008 kl. 17:00.

Níu landsþjónustumenn eru mættir: K.E., H.S., S.F., I.I., H.B., L.V., J.H. og E.S. Þrír hafa boðað forföll: E.P., B.S., og S.B. Starfsmaður skrifstofu ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Fulltrúi frá AA-útgáfunni kemur í heimsókn og greinir frá starfsemi þar .

Oddamaður LÞN óskar eftir upplýsingum um hvað á döfnni sé hjá útgáfunni, hvernig gangi og um almenna stöðu. Fulltrúi AA-útgáfunnar, G.G., greinir fyrst frá því að á árum áður hafi einmitt tíðkast heimskóknir sem þessar frá fulltrúa útgáfunnar til Landsþjónustunefndar. Hjá útgáfunni er sem áður vanalegur rekstur og utanumhald og nú um mundir er að koma í hús ný prentun á AA bókinni, en upplagið frá árinu 2006 er að klárast. AA bókin selst sem áður langmest AA rita. Sem stendur er Hugleiðing dagsins í endurþýðingu og AA bókin í vasabroti verður til umræðu hjá útgáfunefnd á nýju starfsári. Rætt um upphaf og tilurð AA útgáfunnar, sjálfstæðan rekstur hennar, tilhögun útgáfu í Evrópu og hér heima, umræða um lager og eignir og um rekstur á skrifstofu AA samtakanna. Fulltrúi útgáfu kveður að lokum og heimsókn hans lýkur.

2. Fundargerð síðasta fundar LÞN er samþykkt af landsþjónustunefnd.

3. Fundargerð Landsþjónusturáðstefnu 2008 til samþykktar.

Landsþjónustumenn hafa nokkrar athugasemdir við fundargerðina og er starfsmanni skrifstofu falið að lagfæra í samræmi við þær, sem og hlusta á upptökur frá ráðstefnunni og bera saman. Almenn ánægja með starf ritara Landsþjónusturáðstefnunnar. Umræður hópa á ráðstefnunni á einnig að senda á Landsþjónustumenn til yfirlesturs.

4. Landsþjónustumenn skipa sér í stöður fyrir starfsárið.

Nýkosinn oddamaður Landsþjónustunefndar dregur sig úr millipinganevnd og er í hans stað valinn annar maður úr LÞN, J.H. Áður var úr LÞN í millipinganevnd S.F. sem starfar áfram og einnig hafði LÞN tilnefnt K.S. sem er þar starfandi. Gjaldkeri LÞN verður áfram H.S. Í upplýsinganevnd eru starfandi fulltrúar frá LÞN og einróma kosnir til starfa áfram, þeir J.B. og I.I. Ákveðið að senda skuli bréf til útgáfunefndar um að þeir tilnefni sinn fulltrúa til ULPN, svo sem lagt er til að skuli vera í þjónustuhandbók. Skrifstofunefnd starfi óbreytt með einum aukamanni, en hana skipa K.E., H.S., L.V. og S.B., auk G.G frá

útgáfunefnd. Skrifstofunefnd er falið að taka til umræðu útfærslu á vefnefnd fyrir heimasíðu AA samtakanna.

5. Landsþjónustumenn gera grein fyrir störfum sínum á milli funda.

ULPN: hafa starfað í sumar og verið í sambandi við það sem má kalla vísi að upplýsingarnefnd í Vestmannaeyjum og einnig á Akureyri. Upplýsinganefnd SAAS (Samstarfsnefnd AA á Stór-Reykjavíkursvæðinu) hefur sent fulltrúa á fundi hjá ULPN, hann sé virkur í sínu starfi.

Skrifstofunefnd: AA útgáfan hefur þegar tilnefnt fulltrúa sinn til skrifstofunefndar, G.G., og sat hann sinn fyrsta fund sem slíkur í maí sl. Vefsíðumál voru rædd á þeim fundi, orlofsmál fyrir sumarið og einnig var gengið frá fastráðningu núverandi starfsmanns eftir þriggja mánaða umsamin reynslutíma. Tillaga var samþykkt að uppgjöri við fyrrum starfsmann, og er það nú að fullu frá gengið.

Millipinganefnd hefur ekki starfað í sumar og er starfsmanni skrifstofu falið að hafa samband við oddamann hennar, vegna komandi starfsveturs. Einnig að koma á framfæri athugasemdum frá Landsþjónusturáðstefnu hvað varðar þjónustuhandbókina.

6. Skýrsla gjaldkera um stöðu fjármála.

Gjaldkeri Landsþjónustunefndar hefur tekið saman helstu tölur framlaga frá deildum og bendir á að u.þ.b. 40.000 krónur vanti upp á mánaðarleg framlög frá AA deildum til að ná yfir rekstur á skrifstofu AA samtakanna og vegna ráðstefnugjalda erlendis. Til sé fyrir 10 mánaða rekstri, en markmiðið er að eiga fyrir ársrekstri og senda síðan allt umfram til að styrkja AA starf erlendis. Gjaldkeri áréttar mikilvægi þess að það séu AA deildir sem standi undir rekstri AA samtakanna sem landssamtaka og þar með rekstri skrifstofu AA samtakanna á Íslandi. Rætt var um leiðir til að upplýsa AA menn og AA deildir almennt um stöðu og þarfir þessa reksturs: skrifstofunefnd falið að vinna með starfsmanni skrifstofu að frekari útfærslu vegna þessa.

7. Erindi SÁÁ vegna kynningar á AA samtökunum á hátíðarfundi.

SÁÁ heldur hátíðarfund sinn í Háskólabíói 2. október og hefur boðið AA samtökunum aðstöðu þar til að kynna sína starfsemi. Málið rætt út frá erfðavenjum og horft til þess hverju GSO í New York hefur miðlað af sinni reynslu í kynningarmálum. Oddamaður leggur áherslu á nauðsyn þess að AA samtökin á Íslandi marki sér stefnu varðandi kynningarmál áður en starfað sé á þeim vettvangi. Talað um að nýta tækifæri sem þessi til að skerpa á muninum sem er á AA samtökunum og meðferðarúrræðum, til dæmis eins og SÁÁ rekur. Rætt hverjir skuli sjá um að kynna samtökin: alkar eða ei-alkar. Tillaga lögð fram um að þiggja boð SÁÁ um aðstöðu til kynningar á AA samtökunum til reynslu að þessu sinni og það samþykkt. Einum ei-alka Landsþjónustunefndar, E.S., að þessu sinni falið að sjá um að standa fyrir kynningunni. Jafnframt er upplýsinganefnd falið að útfæra stefnu í kynningarmálum og koma með á næsta fund.

8. Önnur mál.

Þrjú erindi sem borist höfðu á skrifstofu:

- Fyrirspurn frá gjaldkera AA deildar um hvort stofna mætti bankareikning á vegum deildarinnar og nota kennitölu AA samtakanna. Svar er, að aðeins gjaldkeri AA samtakanna hefur umboð til að stofna reikning á kennitölu AA samtakanna sem

landssamtaka. Eðlilegt sé að ábyrgðarmaður deilda eða gjaldkeri noti eigin kennitölu til þessa.

- Um fundargerðir LÞN á heimasíðu AA samtakanna: borist höfðu kvartanir yfir að nöfn Landsþjónustnefndarmanna skuli birt á netinu, enda erfitt að varðveita nafnleynd með því að nota fornafn og upphafsstaf föðurnafns, miðað við nafnahefð á Íslandi og með tilliti til þess hve samfélagið er lítið. Niðurstaða að miða við að almennt séu nöfn ekki notuð í fundargerðum, eins og tíðkast erlendis. Litið til þess að eldri fundargerðir hafi verið ritaðar áður en ljóst var að þær yrðu birtar á netinu.

- Veggspjald sem kynnti „AA ráðstefnu” var komið á framfæri á skrifstofu og beðið um að LÞN fjallaði um það með tilliti til erfðavenja. Vísað til ULÞN.

- Erindi AA manna á Akureyri varðandi rekstur á þjónustumiðstöð á Akureyri rætt og oddamanni falið að svara því. Fyrirhuguð heimsókn fulltrúa SAAS á næsta LÞN fundi rædd.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Þriðji fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, Reykjavík þriðjudaginn 21. október 2008 kl. 17:00.

Ellefu landsþjónustumenn eru mættir: K.E., H.S., S.F., I.I., E.Þ., H.B., L.V., B.S., J.H., J.B. og S.B. Einn hafði boðað forföll: E.S. Starfsmaður á skrifstofu ritar fundagerð.

Fundargerð:

1. Fulltrúi frá SAAS kemur í heimsókn og greinir frá starfsemi þar. Oddamaður LPN býður oddamann SAAS, E.Á., velkomna og biður hana að kynna nefndarstarfið. Hún greinir svo frá: starfssvæði SAAS er höfuðborgarsvæðið, um Rvk., Kóp., Gbæ., Hfj., og Mbæ. Nefndin er skipuð 14 fulltrúum og fundar mánaðarlega. Markmið SAAS er að vinna að sameiginlegum málum AA deilda á stór-Reykjavíkursvæðinu, m.a. með því að sjá um að manna kynningarfundir á meðferðarstofnunum og í fangelsi, sem og halda úti neyðarsíma AA, í anda tólfta sporsins. Umræða um starf nefndarinnar: unnið er að því að styrkja fulltrúa sem fara fyrir hönd nefndarinnar á meðferðarstöðvar, en það er vandamt starf. Fyrirhugaðir eru fræðslu- og kynningarfundir fyrir þá sem vilja taka slíkt að sér, en einn slíkur hefur þegar verið haldinn. Nýverið var upplýsinganefnd SAAS (USAAS) endurreist og starfar fulltrúi hennar náið með ULPN. Ný heimasíða SAAS er væntanleg. Starfið í SAAS gengur vel, eftir nokkra lægð. Fulltrúi SAAS kveður eftir gott spjall.

2. Fundargerð síðasta fundar LPN til samþykktar. Hún er samþykkt með smávægilegum leiðréttingum. Upphafsstafir verða notaðir til að skýrgreina nefndarmenn í fundargerðum.

3. Leiðrétta fundargerð Landsþjónusturáðstefnu til samþykktar. Hún er samþykkt með smávægilegum lagfæringum. Starfsmaður mun setja fundargerðina á netið með upphafsstöfum. Verður það tilkynnt deildum með bréfi, enda til þess fallið að allir deildarmenn geti þannig nálgast fundargerðna án fyrirhafnar. LPN á eftir að yfirlesa hópastarfsskjal áður en af þessu verður.

4. Landsþjónustumenn greina frá störfum á milli funda.

- Skrifstofunefnd og millipinganefnd hafa ekki komið saman.
- Upplýsinganefnd sendi fulltrúa á hátíðarfund hjá SÁÁ eins og samþykkt var á síðasta fundi en það var E.S. ei-alki sem fór. Mun það hafa gengið vel. Bréf hafði borist frá USAA (upplýsinganefnd svæðisnefndar AA á Akureyri) með beiðni um styrk til að

kaupa lén vegna heimasíðu og fleira. Fjallað um það, en ekki tekin afstaða til þess að sinni. Vegna blaðagreinar og viðtals við fyrrum AA mann í fjölmiðlum: ákveðið að gera ekkert í því hvað manninn varðar, en samskipti við fjölmiðla rædd. E.Þ. öldungur greinir frá því að til síðs hafi verið á skrifstofu að senda inngangsorðin til fjölmiðla til útskýringar á sérstöðu AA samtakanna. Starfsmaður setji hnapp fyrir fjölmiðla á heimasíðuna með inngangsorðunum og með sjónarmiðum AA samtakanna. Einnig að boðin verði milliganga skrifstofu til ei-alka ULÞN til frekari upplýsinga fyrir fjölmiðlamenn, sé þess óskað.

5. Tillaga ULÞN vegna kynningarmála. Upplýsingarnefnd hefur unnið að plaggi vegna kynningarmála á Íslandi og stuðst við upplýsingarhandbókina sem þýdd er frá GSO. Landsþjónustumenn fá það afhent og munu skoða og fjalla betur um á næsta fundi. I.I. útskýrði nánar uppbyggingu plaggins og ástæður, um erindi og ferla varðandi kynningarmál. J.B minnti á mikilvægi 6. erfðavenjunnar og nauðsyn þess að upplýsingarmálum sé sinnt af upplýsingarnefndum en ekki AA deildum sem slíkum, eða fulltrúum AA deilda.

6. Ályktun LPR vegna útgáfunefndar. Tillaga hafði komið fram á landsþjónusturáðstefnunni um að mál útgáfunnar yrðu skoðuð nánar og til þess stofnuð nefnd, þetta hafi komið til vegna óánægju, þar eð því var haldið fram að AA útgáfan væri ekki að gefa það út sem hún er beðin um. Umræða um að fara þurfi með natni en ekki asa að öllu starfi og samskiptum milli nefnda. Boðleiðir milli útgáfunefndar, landsþjónusturáðstefnu og landsþjónustunefndar séu ekki alveg nógu skýrar og þar gæti misskilnings og óvissu, m.a. um hvar ákvarðanatataka innan AA samtakanna á heima í einstaka málum. Oddamaður ætlar að afla upplýsinga frá GSO um hvernig útgáfumálum sé þar háttað, miðað við þeirra verklag. AA samtökin á Íslandi eiga AA útgáfuna, en útgáfuréttur AA efnis liggja eðli málsins samkvæmt hjá AA samtökunum sem landssamtökum og AA útgáfan starfi í umboði LÞN. Ákveðið að kanna þetta mál nánar og vinna að í vetur.

7. Önnur mál. Erindi barst á skrifstofu frá Al-anon um að fá AA mann til að tala á afmælisfundi þeirra: starfsmanni falið að finna góðan AA félagan til þessa.

- Samþykkt hópstarfsskjals frá ráðstefnunni geymt til næsta fundar.
- Næsti fundur verður 24. nóvember.

Fundi slitið.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fjórði fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, mánudaginn 24. nóvember 2008 kl. 17:00.

Allir landsþjónustumenn mættir: K.E., H.S., S.F., I.I., E.Þ., H.B., L.V., B.S., E.S., J.B. og S.B. J.H. mætir seint. Starfsmaður á skrifstofu ritar fundagerð.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt.

2. Hópastarfsskjal frá LÞR 2008 og hópaspurningar fyrir LÞR 2009 til samþykktar.

Fjallað um hópastarfið frá ráðstefnunni og það skimað eftir tillögum og hugmyndum til útfærslu hjá LÞN: Sú hugmynd að þýða hugtakabæklingin er þegar komin til vinnslu. Skrifstofunefnd falið að fjalla nánar um tillögur til úfærslu á kynningu heildarstarfs AA samtakanna á Íslandi, svo auka megi vitund AA manna um þessi mál. Þar er horft til netsins og einnig bréfa til deilda. Hópastarfsskjalið er samþykkt og fundargerð LÞR verður sett á netið og þannig aðgengileg öllum AA mönnum. Hún verður einnig send á fulltrúa sem mættu á LÞR og þá með nöfnum þáttakenda, en fer á netið eingöngu með upphafsstöfum þeirra sem mættu.

LÞN menn munu yfirlesa tillögur 5. hóps að viðfangsefnum í hópastarfi á LÞR 2009 og ræða á næsta fundi. Þær verða sendar með skráningarblaði til deilda eftir áramót, svo deildirnar geti á samviskufundi tekið afstöðu til hópastarfsspurninganna, þannig að sá fulltrúi sem fer fyrir hönd deildar geti endurrómað samvisku hennar. Fjallað um LÞR; form hennar og uppbyggingu og að landsþjónustumenn þurfi að vera virkir í hópastarfi til að færa þá þekkingu sem þeir búa yfir, áfram. Að LÞN komi með tillögur eða ábendingar að umræðuefnum til 5. hóps, ef málefni gefa tilefni til: LÞN geti þannig kallað fram afstöðu samvisku AA samtakanna, en það sé það sem landsþjónusturáðstefnan sé: rödd samtakanna og samtal þess.

3. Landsþjónustumenn greina frá störfum sínum milli funda. I.I. dreifir skjölum frá WSM (world service meeting) á milli manna, en I.I. og K.E. fóru til New York á ráðstefnuna, sem haldin er þar á tveggja ára fresti. Hana sækja 70-80 AA fulltrúar frá um það bil 40 löndum. Uppbygging ráðstefnunnar er svipuð landsþjónusturáðstefnu AA samtakanna á Íslandi, en fjallað er ítarlega hin ýmsu mál er AA samtökin sem heimssamtök snertir. Fulltrúarnir voru ánægðir með ráðstefnuna og höfðu öðlast aukna yfirsýn og skilning við að fara á hana. Skýrslu utanfara vantar og því verður fjallað nánar um hana á næsta fundi LÞN. Fram kemur að áætlað er að um það bil tvær milljónir manna séu nú í AA samtökunum á heimsvísu. Á móti því er áætlað að um það bil tuttugu

og fimm milljónir manna látist úr sjúkdómnum árlega. Talað um hversu áriðandi er að uppbygging AA samtakanna í hverju landi sé til framtíðar og í takti við það sem hefur virkað hingað til og lagt er upp með: mörg lönd eigi enn í erfiðleikum með þetta og það fari í handaskolum. Fulltrúarnir segja að AA á Íslandi standi styrkum fótum í sínu starfi miðað við margar þjóðir. Sem fyrr eigum við heimsmet í fundarsókn, miðað við höfðatölu.

Millipínganefnd: hafa fundað og eru að láta vinna í þýðingum á hugtökunum, lengri útgáfu erfðavenjanna og íslenskun á „kosningu í anda þriðju erfðavenjunnar.” K.E. beinir því til þeirra að samvinna við útgáfunefnd sé nauðsynleg í þeirri vinnu, hinkra með þýðingar þar til sá grundvöllur er á hreinu.

ULPN: Talað um árlegt bréf til fjölmiðla, til að leiðrétta almennar rangfærslur, en fyrirhugað er að senda slíkt bréf fljótlega.

4. Önnur mál. Ákveðið að taka upp fastan lið í fundarboðum LPN um erindi sem berast á skrifstofu AA samtakanna til nefndarinnar. Í kjölfar utanfarar á WSM koma upp vangaveltur um það hvernig lögformlegri skráningu AA samtakanna á Íslandi sé háttað. Starfsmanni á skrifstofu falið að kanna það mál. Einnig að athuga hvort og með hvaða formi er hægt að setja AA bókina inn á heimasíðu samtakanna. Vilji er til að setja inn á heimasíðuna greinar um alkóhólisma út frá læknisfræðilegu sjónarmiði og Jóhannes Bersveinsson ei-alki beðinn að athuga með það, en vísað til skrifstofunefndar að athuga með reynslusögur og pistla í anda gamla Hálmstrásins. Fjallað um útgáfunefndarmál, myndun nefndar sem lagt var til að yrði gert á LPR. Sent hefur verið bréf til þeirra sem valdir voru þar, um að unnið sé að þessu; útgáfunefnd á eftir að tilnefna sína fulltrúa, sem og landsþjónustunefnd.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Fimmti fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, mánudaginn 29. desember 2008 kl. 17:00.

Landsþjónustumenn mættir: K.E., H.S., S.F., I.L., E.Þ., L.V., B.S., J.H., J.B. og S.B.
Afboðað höfðu H.B. og E.S. Starfsmaður af skrifstofu ritar fundagerð.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt með smávægilegum leiðréttingum.

2. Hópasurningar fyrir LÞR 2009. Landsþjónustumönnum líst vel á störf 5. hóps varðandi hópastarf komandi ráðstefnu en finnst vanta umræðu um aðgengi að AA lesefni. Það sé sígilt umræðuefni hvernig sýnileiki og aðgengi er að AA lesefni almennt, innan sem utan AA deilda. AA lesefnið sé AA í reynd. Landsþjónustumenn vilja gjarnan að umræða verði um þetta og því er bætt inn í hópasurningarnar spurningum þar að lúandi. Einnig er ákveðið að því verði beint til 5. hóps að fjalla nánar um þetta á komandi ráðstefnu þegar unnið verður að umræðuefnum fyrir árið 2010.

3. Útgáfunefndarmál: Það er tillaga K.E., oddamanns LÞN að í sk. útgáfunefndarhóp fari fyrir hönd LÞN þeir S.B. og H.B. Það er samþykkt með handauppréttingu.

4. Frá skrifstofu: Starfsmaður hefur athugað hvernig skráningu AA samtakanna er háttað en gjaldkeri, H.S. ætlar að athuga nánar með skattamál samtakanna. Erindi hafði borist á skrifstofuna þar sem spurt var hvað raunverulegur alkóhólisti ætti að gera þegar ofdrykkjumaður (sem ekki er þá alkóhólisti) vill hjálpa honum en skilur ekki vanda hans, þar eð hann er ekki alkóhólisti og hvort slíkir eigi heima í AA samtökunum. Svar við þessu er að hið eina sem þarf til að gerast AA félagi er löngun til að hætta að drekka, en enginn getur svarað því hvort hann er alkóhólisti fyrir annan en sjálfan sig. Síðan væri það hvers og eins að velja sér trúnaðarmann eða annan til að deila með reynslu sinni, styrk og vonum og þar ættu eðlilega ekki endilega allir alltaf samleið, en hver ætti þó að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hér gildi umburðarlyndi sem sannarlega sé í anda AA samtakanna.

3. Landsþjónustumenn greina frá störfum sínum milli funda.

Skrifstofunefnd: kom saman 1. desember sl. og fjallaði þar um heimasíðuna/vefnefndina, talningu á AA mönnum á Íslandi eftir beiðni frá WSO og bókhaldsmál LÞN. Leitað verður til ritara frá síðustu LÞR, J.T. um að koma í vefnefnd til að safna og halda utan um

reynslusögur sem setja á þar inn, enda hafi hún þótt standa sig vel sem ritari á LÞR. Starfsmanni falið að hafa samband við hana. Starfsmaður skrifstofunnar er í vefnefnd og B.S. kemur inní vefnefnd frá LÞN. Talað um að erfitt sé að slá tölu á fjölda AA manna á Íslandi, þar eð svo margir sæki fleiri en eina AA deild. Starfsmanni falið að vinna nánar. Bókhaldi landsþjónustu verður komið á Exel-skjal sem heldur utan um samtölur. Millipinganefnd: hefur ekki starfað, oddamaður hefur verið erlendis. S.F. mun ræða við hann vegna þýðingar á hugtökum AA samtakanna þegar hann kemur að utan. Upplýsingarnefnd: Beiðni hefur borist frá austurlandi um kynningarfund. Kostnaður við að senda tvo menn ræddur. Rætt um að austurland deili þeim kostnaði, það sýni og brýni ábyrgð. Oddamanni ULÞN, J.B., falið að ræða þetta við austanmenn. J.B. hafði einnig verið falið að koma með og vinna hugmyndir varðandi hið læknisfræðilega sjónarmið til sjúkdómsins alkóhólisma, til að setja á heimsíðuna, en hann vill vinna það í samhengi við tölfsporin og lumar á gömlum texta sem hann vill vinna út frá og bera síðar undir LÞN. Það er vel þegið.

4. Önnur mál. Afmælisnefnd er stofnuð árlega og starfar fyrir afmælisfundinn svonefnda sem alltaf er á föstudaginn langa. Oddamaður leggur til að í ár verði I.I. oddamaður nefndarinnar og er það samþykkt. H.B. og L.V. voru einnig í henni í fyrra og verða áfram og inn koma nýjir J.H. og B.S.

Rætt um sölu á gömlum Hálmstráum við vægu verði á skrifstofunni, hver eigi lagerinn. K.E. mun ræða við oddamann útgáfunefndar um þetta.

Á næsta ári fer enginn út úr LÞN nema öldungur hennar E.P., sem nú hefur þjónað í tvö ár og viku skv. venju. Kjörnefnd komi saman og komi sér saman um leita hófanna hjá fyrrum LÞN manni, enda er öldungur sá sem áður hefur starfað fyrir LÞN og getur brugðið ljósi reynslunnar yfir ýmis mál sem slíkur. Þetta verði rætt nánar á næsta fundi. Rætt um hvernig valið sé inn í útgáfunefnd AA samtakanna. Hefðin sé sú að útgáfunefndarmenn leiti fyrir sér og að leitað sé að AA mönnum með reynslu af bókaútgáfu eða skyldu starfi. Tillaga er komin fram um nýjan útgáfunefndarmann, R.H., en K.E. segir góðan róm gerðan að henni og er samþykkt að ræða við hana, í samvinnu við starfandi útgáfunefndarmenn. Einnig er rætt um V.Á. sem hugsanlegan útgáfunefndarmann. Bæði þessi hafi yfirsýn og reynslu sem þarf.

Nánar athugað með dagsetningu í maí fyrir næstu LÞR á næsta fundi.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Sjötti fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, mánudaginn 26. janúar 2009 kl. 17:00.

Landsþjónustumenn mættir: K.E., H.S., I.I., H.B., B.S., J.H. og E.S. Seint mæta L.V., S.B. og E.P. Afboðað höfðu S.F. og J.B. Starfsmaður af skrifstofu ritar fundagerð.

Fundargerð:

1. Fulltrúi þjónustunefndar Tjarnargötu 20 kemur í heimsókn: Landsþjónustunefnd hafði boðið í heimsókn fulltrúa frá þjónustunefnd hússins og mætti talsmaður hennar, Þ.R. og greindi frá því starfi sem í húsinu dafnar. Nefndin endurleigir húsnæði til AA funda og einnig fundahalda annarra tólfsporasamtaka, en að auki leigja landsþjónustunefnd skrifstofuaðstöðu fyrir AA skrifstofuna sem og AA útgáfan geymsluaðstöðu. Sem stendur eru rúmlega 60 leiguaðilar í húsinu, langmest AA deildir en einnig hafa starfað eða starfa þar Al-Anon deildir, SLAA, NA, GSA, OA, GA, MA, ABA, CL og Coda deildir svo eitthvað sé nefnt, en allt eru þetta fundir sem starfa á tólfsporagrundvelli. Þjónustunefnd hússins hefur vísitölubundinn leigusamning við Reykjavíkurborg um húsið og samvinnu við borgina um viðhald þess. Á undanförunum árum hefur verið mikið viðhald á ytra byrði hússins sem og innan þess og notar þjónustunefndin þá peninga sem innheimtir eru í leigu af til þessa framkvæmda. Rekstur nefndarinnar er endurskoðaður af löglegum endurskoðanda árlega og ársreikningar lagðir fram eins og góð venja segir til um . Rekstur hússins gengur vel og er skuldlaus. Talsmaður taldi samskipti við nýjan starfsmann skrifstofunnar góð og lýsti ánægju með að hann sé kominn til starfa. Starfsmaður sagði honum við það tækifæri að fólk sem heldur fundi í húsinu sé almennt ánægt með þjónustunefndina, kemur það fram í samtölum þess við starfsmann. Gesturinn kvaddi að lokum og yfirlaus fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt með smávægilegum leiðréttingum.

3. Frá skrifstofu: Erindi hafði borist frá SAAS um að fá að nota aðstöðu á skrifstofunni til ljósritunar og að fá afnot af heimilsfangaskrá AA deilda, vegna sendingar á árlegu bréfi til deilda á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við tilnefningu fulltrúa til starfa hjá SAAS. Rætt um beiðnir sem þessar og kostnað vegna þeirra. E.P., öldungur greinir frá því að tíðkast hafi að senda frímerki til Akraness og Egilstaða á árum áður, vegna AA starfs þar. Erindi SAAS er samþykkt að þessu sinni.

- Starfsmaður greinir frá heimsókn fulltrúa hverfisnefndar eitt á skrifstofuna. Í tengslum við vinnu hverfisnefndar við að leiðrétta hvornig framlög AA deilda eru reidd fram, vilja

hverfisnefndarmenn kynna í sínum deildum fjárþörf og rekstur landsþjónustunnar og leituðu eftir upplýsingum um það hjá skrifstofunni. Kom hverfisnefndarmaður í heimsókn og fór með skýrari mynd af rekstri og fjárþörf landsþjónustunnar til kynningar í AA deildum hverfisnefndarmanna. Oddamaður, K.E., spurði hvort svo sé að hver sem er geti komið inn á skrifstofu og kallað eftir upplýsingum um bókhald eða rekstur landsþjónustunnar og svaraði skrifstofumaður að svo væri auðvitað ekki um annað en almennar upplýsingar, sem lægu fyrir og aðeins til AA manna. Málin rædd og ákveðið að ekki skuli skýrgreina eða sundurliða rekstur á vegum landsþjónustunnar meir en gert er í árlegu uppgjöri í tengslum við landsþjónusturáðstefnuna. Leiti menn eftir frekari upplýsingum en þar er að finna verði því vísað til gjaldkera landsþjónustunefndar.

4. Landsþjónustumenn greina frá störfum sínum milli funda.

Millipinganefnd: hafa ekki hist. Skrifstofunefnd: hafa ekki hist.

Upplýsingarnefnd: Austanferð fulltrúa ULPN vegna beiðni Egilstaðardeildar um kynningu á AA starfi var rædd og útfært nánar með skiptingu kostnaðar. Ákveðið að LPN skuli greiða ferðakostnað annars fulltrúans og Egilstaðadeild hins. Skjal ULPN um tilhögun kynningarmála AA samtakanna var samþykkt og mun starfsmaður setja hana inn á heimasíðuna. Vefnefnd: hefur boðað til fundar þann 5. febrúar n.k.

4. Önnur mál. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála. Fjármál LPN standa vel og eru í góðri ávöxtun. Gjaldkeri hefur athugað hvernig skattamálum samtakanna er háttað og er það allt í réttum skorðum. Útgáfunefndarmál rædd: hvernig róteringum er háttað á mönnum í nefndinni, starfstíma og stöðu þeirra mála í dag. Einn fer inn í nefndina núna og landsþjónustunefnd samþykkir R.H. inn fyrir sitt leyti, svo sem hafði verið rætt á fundinum í desember. Tveir fara út árið 2010 og tveir árið 2011. K.E. greinir frá því að hefð sé fyrir því á hinum norðurlöndunum að valið sé inn í útgáfunefnd í nánu samráði við nefndina. Þörf sé á mönnum sem hafi reynslu af útgáfu eða rekstri og þá enn fremur góða þekkingu á AA efninu. I.I. spyr um tengingu útgáfunefndar við landsþjónustunefnd og K.E. svarar til að eðlilegt sé að útgáfunefndarmenn haldi góðu sambandi við landsþjónustumenn, en að útgáfunefnd þurfi einnig starfsfrið og svigrúm til starfa, sjálfstæði án þess að einangrast þó. Að betra væri ef greiðari leið væri milli hins almenna AA manns og útgáfunefndar en nú er, rætt um hópastarf á ráðstefnu í því samhengi. L.V kemur með þá hugmynd að einn hópurinn á landsþjónusturáðstefnu verði settur í útgáfumál, þ.e. starfi þannig á föstum grunni árlega og verði þá þrjú hópar í stað fjögurra með mismunandi umræðuefni hverju sinni. Þannig geti AA menn og útgáfunefnd haldið sambandi. K.E. leggur áherslu á að samgangur sé á milli oddamanna landsþjónustunefndar og útgáfunefndar og að samskiptaleiðir séu opnar á milli þeirra.

- Vegna þess að verið getur að alþingiskosningar verði þann 9. maí er ákveðið að bíða með að fastsetja dag á landsþjónusturáðstefnuna. Þannig verður hinkrað með að senda bréf til deilda vegna skráningar fulltrúa á ráðstefnuna þar til dagsetningin á kosningunum liggur fyrir .

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Sjöundi fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, mánudaginn 23. febrúar 2009 kl. 17:00.

Landsþjónustumenn mættir: K.E., H.S., S.F., I.I., E.P., H.B., L.V., B.S., J.H., E.S., J.B. og S.B. Starfsmaður af skrifstofu ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Gestur frá Alanó klúbbum kemur í heimsókn: Landsþjónustunefnd hafði boðið í heimsókn fulltrúa klúbbstjórnar rekstrar hússins að Borgartúni 6 og mætti talsmaður hennar, S.B. og greindi frá því starfi sem í húsinu dafnar. Stjórnin endurleigir húsnæði til AA funda og annarra tólfsporasmata. Upphaflega var klúbburinn til húsa við Seljaveg en flutti á vordögum 2008 að Borgartúni 6. Rúmlega 40 fundir eru haldnir vikulega, langmest AA fundir. Aldurssamsetning fundargesta er í yngri kantinum, gróska og starf mikið og andinn í húsinu góður. Stjórn Alanó klúbbsins er skipuð 9 mönnum, hún starfar í anda erfðavenjanna, m.a. með róteringu stjórnarmanna, en hver getur starfað mest í 3. ár. Þetta er rekstrarfélag með félagsgjöldum. Skráðir félagar kjósa í stjórnina úr framboði klúbbfélaga. Starfsmaður er í húsinu allan daginn; húsvörður sem er einnig tengiliður við AA deildir. Póstur frá AA skrifstofunni berst vel, svo var ekki alltaf. S.F. lýsir ánægju með heimsóknina. Landsþjónustunefnd leggur áherslu vilja sinn til að halda samskiptaleiðum opnum. Gesturinn kvaddi að lokum og yfirgaf fundinn.

2. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt með smávægilegum leiðréttingum.

3. Frá skrifstofu: Skattur hafði kallað eftir launamiðum og ársuppgjöri. Gjaldkeri fær bréf þar að lútandi og mun fara í málið.

4. Landsþjónustumenn greina frá störfum sínum milli funda.

Hópur um útgáfumál hefur hist tvisvar, en hann var skipaður eftir síðustu landsþjónusturáðstefnu. S.B. segir að rekspölur sé á starfi hópsins. Vonast til að klára næsta miðvikudag.

Millipinganevnd: S.F. greinir frá að millipinganevnd hafi komið saman og vilji fara þess á leit að LÞN greiði fyrir þýðingarstörf á vegum nefndarinnar. S.F. og J.H. telja ekki hlutverk nefndarinnar að vinna að þýðingum, en þær höfðu verið afar skammt á veg komnar. (Rætt frekar undir 5. lið, önnur mál.)

Skrifstofunefnd: hafa ekki hist. Boðað verði til fundar upp úr mánaðarmótum.

Upplýsingarnefnd: hafa fundað. Umræður um kynningafund sem fyrirhugað er að halda á Egilstöðum á vegum nefndarinnar þann 7. mars n.k: J.B telur eðlilegt að LÞN kosti ferð

fulltrúanna enda geti framlag Egilstaðardeildar þá runnið óskipt til landsþjónustu og komi í raun út á eitt. Telur að ekki muni verða mikið um svona beiðnir jafnaðarlega. Málið rætt og samþykkt með handauppréttingu að LÞN standi straum af kostnaðinum að þessu sinni. Afmælisnefnd: fundaði fyrir LÞN fundinn. Undirbúningur í góðum farvegi.

Vefnefnd: hefur fundað og skoðað heimasíðuna, hvernig hún er uppsett og stýrikerfi hennar. Unnið að undirbúningi hnapps fyrir fjölmiðla, um AA samtökin. Reynslusögur og sjónarhorn læknisins einnig í vinnslu. Hugmynd um að hafa árlega hnapp um LÞR til að kynna ráðstefnuna og dagskrá hennar.

Gjaldkeri: staðan er góð.

5. Önnur mál. Starfsmaður mun selja gömul Hálmstrá á skrifstofunni á 100 kr/stk., en gamall lager af þessu fyrrum tímariti AA samtakanna liggur niðri í kjallara.

- K.E. oddamaður hefur rætt við oddamann millipinganevndar vegna þýðingar á lengri útgáfu erfðavenjanna, hugtakanna og texta um kosningu í anda 3. arfleifðarinnar, en millipinganevnd óskaði eftir að LÞN hlutaðist til um þær þýðingar. Millipinganevnd sé ekki framkvæmdarnefnd heldur hópur um hugmyndavinnu, það sé hlutverk útgáfunevndar að vinna að þessum framkvæmdum. Samþykkt með handauppréttingu að senda bréf til útgáfunevndar með ósk um að þetta verði unnið þar. Ýmis form á útgáfu þjónustuhandbókarinnar rædd. Tillaga K.E. rædd, um að henni verði dreift frítt til allra deilda við útgáfu, en svo seld eftir það. Rætt um hver skuli kosta það (LÞN eða útgáfunevnd).

- Engar athugasemdir eru gerðar við form á opinberri skráningu hverfisnefndar eitt, en hún hafði sent LÞN eintak af tillögu um gerð skráningar og óskað athugasemda ef einhverjar þætti þurfa.

- Erindi tveggja AA manna vegna tilnefningar og vals á mönnum til landsþjónustu rætt. Erindið gengur út að að landsþjónusturáðstefnan kjósi í beinni kosningu um það hverjir veljist til starfa inni landsþjónustunefnd, en þannig sé lýðræðið tryggt í AA samtökunum. Þannig verði send framboðsgögn til allra AA deilda með nafni og helst mynd, um þá sem bjóða sig fram til þjónustustarfa og síðan kosið á milli þeirra á ráðstefnunni. K.E. kynnir erindið og það er rætt. K.E. leggur áherslu á að rík hefð sé fyrir því í AA samtökunum að hreyfa ekki að óþörfu við starfsvenjum sem hafi gefið góða raun og virki. Rætt um kjörnefnd en hún fjalli um þá sem AA deildir tilnefna og til kjörnefndar sé stofnað þannig að ráðstefnan velur fjóra en landsþjónustunefnd þrjá. Þar séu þjónar sem við treystum til sinna starfa. J.B greinir frá því að þessi „kosningaleið“ hafi verið reynd en ekki gengið, sjaldan sé um hóp manna að velja á ráðstefnunni sem uppfylli skilyrði til tilnefningar. Hafi þessar ráðstefnur snúist upp í einhverskonar kosningarfundum. Rætt um sérstöðu AA samtakanna. L.V. bendir á tilhögun tilnefninga og kosninga í Bandaríkjunum. K.E. bendir á stærð samfélagsins þar miðað við hér og einnig á tilhögun eins og hún er á hinum Norðurlöndunum. Ýmsir landsþjónustumenn láta í ljósi óánægju við þá tilhugsun að einhverjir telji að þeir hafi verið valdir inn í nefndina á forsendum kunningsskapar eða einhvers slíks, er þeir buðu fram krafta sína af heilum hug og án þess að þekkja til þeirra landsþjónustumanna sem fyrir voru. Málið verði rætt frekar síðar.

J.B. leggur áherslu á þjónustuþátt nefndarinnar, hún sé ekki stjórn heldur þjónustunefnd og L.V. tekur undir þetta sjónarmið.

Ekki var fjallað um fleira. Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Áttundi fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, mánudaginn 30. mars 2009 kl. 17:00.

Landsþjónustumenn mættir: K.E., H.S., S.F., B.S., J.H., E.S., J.B. og S.B. Seint mæta L.V. og I.I. Forföll höfðu boðað E.P. og H.B. Starfsmaður af skrifstofu ritar fundagerð.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt með smávægilegum leiðréttingum.

2. Frá skrifstofu:

- Vegna skráningar fulltrúa deilda á komandi landsþjónusturáðstefnu hafa komið upp álitamál á skrifstofunni um hversu marga fulltrúa er rétt að skrá á ráðstefnuna frá deildum sem halda fleiri en einn fund í viku, en hafa eina samvisku um sinn rekstur og form. Niðurstaðan er sú að það sé sameiginleg samviska en ekki fjöldi funda sem skilgreini hverja deild, líkt og tíðkast í móðurlandi AA samtakanna: þar kallast það hópar eða „AA groups” sem hafa jafnvel marga fundi, en eina samvisku og einn fulltrúa sem fer fyrir hópin til ráðstefnustarfa. Eðlilegt sé að þannig almennt komi einn fulltrúi frá hverri deild, óháð fjölda funda sem hún heldur.

- Mennt sem eru í nefndarstörfum fyrir AA samtökin og þörf er á að komi á landsþjónusturáðstefnu, komi þó sem aukafulltrúar fyrir sína deild, þegar deildarfulltrúi hefur þegar verið valinn á hennar vegum. Almennt er miðað við að oddamenn komi og geri grein fyrir störfum nefnda og í stöku tilfellum er þörf á að fleiri menn úr nefndum komi einnig. Starfsmaður mælist þá til við viðkomandi að þeir fari þess á leit við sína heimadeild að vera sendir sem fulltrúar, eða aukafulltrúar, samkvæmt þessu.

3. Landsþjónustumenn greina frá störfum sínum milli funda.

- Hópur um útgáfumál: lauk störfum með lokafundi og er nú orðið til plagg um útgáfumál AA lesefnis á Íslandi sem ráðgert er að leggja fyrir LPR 2009. Almennt var ekki sett út á störf útgáfunefndar sem slík, en fram komu athugasemdir um það hversu ógegnsæ þau væru og nefndin óaðgengileg.

- Milliþinganefnd: hittust tvisvar og fóru yfir þjónustuhandbók til langfæringar. Búið er að senda útgáfunefnd bréf þar sem mælt er til að hún hlutist til um þýðingar sem nú eru merktar sem vinnuþýðing sem og um útgáfu á þjónustuhandbókinni. Starfsmaður skrifstofu setur þetta nýja eintak af þjónustuhandbókinni inn á netið, merkt sinni

útgáfudagsetningu, enda sé eðlilegt að miða við að fulltrúar landsþjónusturáðstefnunnar hafi haft aðgang að henni áður en til ráðstefnunnar kemur.

- Skrifstofunefnd: fundaði og ræddi m.a. um starfsemi vefnefndar sem og um ráðstefnuvefnefnd, hvað hún stæði fyrir og hvernig best væri að haga hennar málum. Afleysingarmál starfsmanns rædd, en í ár tekur starfsmaður fullt sumarleyfi og uppsafnað frí, skv starfssamningi vegna vinnu utan dagvinnutíma. Starfsmaður hefur talað við fólk sem leyst getur af, og reiknar með að taka fríð bæði í heilum og hálfum dögum.

- Upplýsingarnefnd: J.B. og I.I. fóru til Egilstaða til kynningarstarfa og til að aðstoða austanmenn við að byggja upp svæðisbundna upplýsingarnefnd. Dræm mæting varð á kynningarfundinn frá starfsstéttum í heilbrigðis- og félagsgeira sem höfðu þó boðað komu sína og taldi J.B. að hugsanlega þyrfti að boða til slíks fundar í samhengi við almennan vinnutíma fólks (téður fundur var á laugardegi). Vísir að svæðisnefnd er þó kominn á og lítur vel út með framhaldið og AA menn á svæðinu voru almennt ánægðir með heimsóknina.

- Afmælisnefnd: I.I. þarf að segja af sér sem oddamaður og er S.F. beðinn um að taka við. Fundað verði með ræðumönnum til undirbúnings með góðum fyrirvara, en undirbúningur sé að öðru leyti í góðum farvegi.

- Vefnefnd: leggur fram tillögu að skjali um landsþjónustunefnd til að setja inn á netið til að skýrgreina hvað nefndin stendur fyrir. Fyrirspurn um þetta hafði borist á skrifstofuna, en texti þjónustuhandbókarinnar sé ekki þægilegur til kynningar á nefndinni í deildum. Landsþjónustumenn fá skjalið í hendur og til umsagnar á næsta fundi.

- Kjörnefnd: Hefur hist og samþykkt inn nýjan öldung, H.G., sem og þá landsþjónustumenn sem gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Enginn landsþjónustumaður gengur úr nefndinni að þessu sinni, nema öldungurinn E.Þ. sem hefur þjónað í tvö ár.

- Gjaldkeri: staðan er þokkaleg eða svipuð. Framlög deilda nái ekki yfir rekstrarkostnað, en vaxtatekjur nái yfir það bil. Gjaldkeri ætlar að stilla upp fyrir næsta fund hvernig þetta verði útfært.

4. Peningaframlög til útgáfustarfs erlendis: Fjallað um hvernig aðrar þjóðir leggja í pott framlag til útgáfustarfs í löndum þar sem AA stendur höllum fæti eða er ekki komið á laggirnar. K.E. minnr á að AA bókin var gefin út hér í fyrsta sinn með slíkum styrk. Lítið hafi verið um að við á Íslandi leggjum í þennan pott og ekki hafi komist á hefð um þetta. Samþykkt að hann haldi fund með oddamanni útgáfunefndar til að móta framtíðarstefnu hvað þetta varðar. J.B. kemur með tillögu um að selja bókamerki eyrnamerkt þessu máli svo almennir AA menn geti þannig kosið að styrkja úgáfu erlendis.

5. Önnur umræða tillögu um kjör til LPN: málið rætt og telja landsþjónustumenn að tillagan gangi ekki upp m.a. hvað nafnleynd varðar. Rætt um að „prófkjör“ eigi varla heima í AA samtökunum. Rætt um að í þjónustuhandbókinni sé hlutverk kjörnefndar vel skilgreint og rétt að starfað sé eftir henni, ekki gæfulegt að hlaupa til og fara að breyta því sem vel hefur gengið hingað til. K.E. falið að svara erindi þessu með bréfi.

6. Önnur mál: Þeirri hugmynd velt fram af K.E. að kalla saman hópastarf landsþjónusturáðstefnunnar degi fyrr, þ.e. á föstudeginum, því að þannig myndist betra

svigrúm á laugardeginum. Skammur fyrirvari er á þessu m.a. hvað varðar fólk úti á landi og að þegar hefur verið boðað til ráðstefnunnar þann 9. maí, en ekki þann 8. eins og yrði ef hún hæfist á föstudegi. I.I. falið að ræða við G.S. um fundarstjórn, Þ.R. einnig nefndur.

Ekki var fjallað um fleira. Fundi slitið á hefðbundinn hátt.



LANDSPJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Níundi fundur Landsþjónustunefndar AA-samtakanna á starfsárinu 2008-2009
Haldinn í sal C, Tjarnargötu 20, mánudaginn 27. apríl 2009 kl. 17:00.

Landsþjónustumenn mættir: K.E., H.S., S.F., I.L., L.V., B.S., E.S. og J.B. Forföll höfðu boðað J.H. og H.B. og ekki mættu E.P. og S.B. Starfsmaður af skrifstofu ritar fundagerð.

Fundargerð:

1. Gestur frá hverfisnefnd eitt kemur í heimsókn. Gesturinn mætti ekki.

2. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar. Hún er samþykkt.

3. Frá skrifstofu: Ekkert sérstakt kemur frá skrifstofu að þessu sinni. Venjubundnum undirbúningi fyrir landsþjónusturáðstefnu miðar vel.

4. Landsþjónustumenn greina frá störfum sínum milli funda.

- Millipinganefnd: hafa ekki fundað.
- Afmælisnefnd: lauk störfum er fundurinn var haldinn á föstudaginn langa. Almenn ánægja þótti ríkja um fundinn og gekk hann vel en margir komu að vinnunni við hann og lögðu sitt fram. Athugasemdir komu fram um að ekki hefði verið gott að sami aðili leiddi tvisvar með stuttu millibili, en aðstæður urðu að þessu sinni til þess að leita varð til þess er áður stýrði, en oddamaður afmælisnefndar forfallaðist skömmu fyrir hátíðarfundinn. Almennt mun vera miðað við (og hefur verið) að róterað sé mönnum í þessu sem öðru starfi innan AA samtakanna.
- Upplýsingarnefnd: hafa fundað. Fengu bréf um að nafn AA samtakanna væri e.t.v. misnotað í kosningarbaráttu, en að sama skapi hafði viðkomandi aðili fengið svo margar athugasemdir um það á vefsíðu sinni að ekki þótti ástæða til að bæta á það.
- Vefnefnd: Hnappi vegna afmælisfundar hefur verið breytt vegna LÞR. Setja á hnapp fyrir reynslusögur á síðuna og auglýsa eftir þeim. Kynningarskjal um landsþjónustunefnd sem vefnefnd lagði fram á síðasta LÞN fundi verður sett inn á síðuna.
- Gjaldkeri fer yfir stöðuna: staðan er almennt ágæt.

5. Val á fulltrúa á Evrópuráðstefnu í haust: málið rætt og ekki leitt til lykta að sinni.

6. Landsþjónusturáðstefnan 2009. Ráðstefnan verður haldin 9. maí nk., og með sama sniði og verið hefur. Undirbúningur ræddur og mun honum vinda nánar fram er nær líður. Starfsmaður spyr um hefðir varðandi skipan í stöður á fyrsta fundi nefndarinnar ár hvert. K.E. segir að venjan sé að oddamaður og gjaldkeri séu valdir á fyrsta fundi en almennt

valið í aðrar nefndarstöður á fyrsta fundi að hausti, utan að sjálfskipað er í skrifstofunefnd, þar eð fyrnefndir fari sjálfkrafa þangað. Rætt um að ef prófa eigi að breyta tíma/ uppsetningu á ráðstefnu þá verði það að vera með fyrirvara til að kynna það, m.a. í tengslum við sendingu skráningarbréfs, sem er sent í janúar ár hvert.

7. Önnur mál: K.E. greinir frá því að samkomulag hafi verið gert við AA útgáfuna um fast árlegt framlag, eitt þúsund dali, til bókarjóðs erlendis er styrkir útgáfu AA bóka í löndum þar sem samtökin standa höllum fæti (International Literature Fund). Einnig greinir hann frá því að fljótlega muni liggja fyrir hjá útgáfunni tímaáætlun um útgáfu á þjónustuhandbók AA samtakanna. Ekki var fjallað um fleira.

Fundi slitið á hefðbundinn hátt.

Lýkur þá starfsári landsþjónustunefndar 2008-2009, en nýtt starfsár hefst með fyrsta fundi nefndarinnar á komandi landsþjónusturáðstefnu.